

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. maí 2018.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum (vanþróuðustu ríki heims), 518. mál.

Félagi atvinnurekenda (FA) barst hinn 11. maí sl. beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum (vanþróuðustu ríki heims), á þingskjali 749.

Verði frumvarpið að lögum, verða allar vörur frá vanþróuðustu ríkjum heims tollfrjálsar hér á landi, aðrar en vörur sem falla undir tollskrárnúmer í 2. og 4. kafla íslenzku tollskrárinnar, svo og vöruliði 0603, 1601 og 1602.

FA styður eindregið öll skref sem stigin eru í átt til aukinnar fríverzlunar og telur því frumvarpið af hinu góða. FA er þeirrar skoðunar að afnám tolla og annarra viðskiptahindrana sé ein skilvirkasta leið ríkra, vestrænna ríkja á borð við Ísland til að styðja við þróun og efnahag fátækustu ríkja heimsins, svokallaðra LDC-ríkja. Frjáls viðskipti eru mikilvæg leið til að hjálpa vanþróuðum ríkjum til sjálfshjálpar. Samþykkt frumvarpsins er enn fremur nauðsynleg til að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), eins og rakið er í greinargerð frumvarpsins.

FA lýsir hins vegar furðu sinni á því að nokkrir vöruflokkar skuli samkvæmt frumvarpinu vera undanskildir tollfríðindum fyrir vanþróuðustu ríki heimsins, þ.e. mjólkurvörur, kjötvörur og blóm. Hugmyndin með þessu er væntanlega að viðhalda þeirri tollvernd, sem íslenzkur landbúnaður nýtur, en allt eru þetta vörur sem framleiddar eru hér á landi.

FA bendir á að útflutningur fátækustu ríkja heims á þessum vörum er ekki af þeirri stærðargráðu að það geti talizt nokkur einasta ógn við íslenzkan landbúnað. Félagið bendir enn fremur á að innflutningur mjólkur- og kjötvara frá þessum ríkjum yrði ekki leyfður nema viðkomandi afurðastöðvar hefðu staðizt heilbrigðis- og matvælaeftirlit og fengið vottun vegna útflutnings til ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Engin ástæða er fyrir ríkulega ríkisstyrktan íslenzkan landbúnað að óttast samkeppni frá bláfátækum ríkjum þar sem opinber stuðningur við landbúnað er líttill eða enginn. Mikilvægi þess að vinna gegn fátækt og neyð ætti að ganga framar mögulegum - og takmörkuðum - fjárhagslegum hagsmunum innlendra framleiðenda þessara vara.

Félag atvinnurekenda leggur því til að frumvarpið verði samþykkt, með þeirri breytingu að allur innflutningur frá LCD-ríkjunum verði tollfrjáls, án undantekninga.

FA áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum málsins. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfullst,


Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA